

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar
Geislagötu 9
600 Akureyri

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvholsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2019
Tilv.: SRN19010041/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2018

Eftirlitsnefndin hefur mótttekið bréf sveitarfélagsins dags. 18. nóvember sl. en bréfið er ritað vegna óska eftirlitsnefndarinnar í bréfi dags. 17. október sl., um upplýsingar vegna neikvæðrar rekstrarniðurstöðu A-hluta á árinu 2018.

Í svari sveitarstjórnar kemur fram að megin ástæða fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu A-hluta árið 2018 sé vegna mikillar hækkunar á lífeyrisskuldbindingu hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar. Skuldbindingin hafi hækkað um 978 mkr. á árinu en áætlun hafi gert ráð fyrir 400 mkr. hækkun. Jafnframt kemur fram að gert sé ráð fyrir að talsverður halli verði á A-hluta Akureyrarbæjar á árinu 2019 en rekstur samstæðunnar verði nærrí jafnvægi.

Við yfirferð á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2018 má sjá að tekjur eru um 600 mkr. hærri en þær sem fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir, lífeyrisskuldbinding um 578 mkr. hærri og annar rekstrarkostnaður 287 mkr. hærri en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða ársreiknings 2018 fyrir A-hluta er þannig neikvæð um 384 mkr. til samanburðar við neikvæða rekstrarniðurstöðu fjárhagsáætlunar með viðaukum að fjárhæð 341 mkr.

Við skoðun á upphaflegri fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2018 kemur fram að gert var ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins 2018 yrði jákvæð um 286 mkr. Við samanburð á framangreindum fjárhæðum og öðrum sem fram koma í ársreikningi og fjárhagsáætlun, má ljóst vera að A-hluti sveitarfélagsins er rekinn með rekstrarhalla þrátt fyrir að upphafleg fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir nokkrum rekstrarrafgangi. Að mati eftirlitsnefndarinnar er ekki alfaríð hægt að skyra neikvæða rekstrarrafkomu vegna aukinna lífeyrisskuldbindinga þar sem að tekjur hafi hækkað umfram fjárhagsáætlun ásamt því að annar rekstrarkostnaður hafi einnig aukist.

Litið til reksturs A-hluta á árabilinu 2014-2018, er ljóst að A-hluti sveitarfélagsins er rekinn með rekstrarhalla öll árin. Uppsaðnaður rekstrarhalli A-hluta sveitarfélagsins á tímabilinu er um 1.857 mkr. Til að mynda var rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2016 neikvæð um 340 kr., árið 2017 neikvæð um 531 mkr. og árið 2018 neikvæð um 384 mkr eins og áður kom fram. Við mat á jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga horfir eftirlitsnefndin jafnt til A-hluta og A- og B-hluta. Miðað við ofangreindar upplýsingar er ljóst að A-hluti nær ekki jafnvægi í rekstri á árunum 2016-2018.

Í samræmi við ákvæði 79. gr. sveitarstjórnarlaga um heildarmat á fjárhagslegri stöðu sveitarfélaga, óskar eftirlitsnefndin eftir nánari upplýsingum frá bæjarstjórn Akureyrarbæjar um fyrirætlan hennar í rekstri A-hluta sveitarfélagsins. Ljóst er að A-hluta sveitarfélagsins

hefur um nokkurt skeið verið rekinn með rekstrarhalla. Eftirlitsnefndin fer þess á leit að bæjarstjórn upplýsi nefndina um áform sín í rekstri A-hluta, aðgerðir í rekstri sem stuðla að jákvæðri rekstrarniðurstöðu og önnur atriði sem skipta máli við yfirferð málsins.

Óskað er eftir að svör berist nefndinni að lokinni umræðu í bæjarstjórn, eigi síðar en 15. janúar nk.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson